

greiðsludags. Þá þykir og rétt, að stefndi, Hjallur h/f, greiði stefnanda kr. 35.000.00 í málskostnað.

Dómur þessi er uppkveðinn af Haraldi Henryssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi og Steinari Steinssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Hjallur h/f, greiði stefnanda, Guðrúnu Þóru Braga-dóttur, kr. 178.761.50 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 20. ágúst 1968 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðförl að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 143/1972. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sigurði Hólm Guðmundssyni

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Banaslys. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Í framburði ákærða fyrir rannsóknarlögreglu 21. maí 1971, sem hann staðfesti í sakadómi Reykjavíkur 1. febrúar 1972, kveðst ákærði hafa séð „til ferða hjólreiðamannsins á nokkuð löngu færi“. Samkvæmt framburði ákærða virtist honum hjólreiðamaðurinn, þegar bifreiðin nálgadist hann, „sveigja aðeins út í götuna, en síðan til baka aftur“. Ákærða bar við þessar aðstæður og gæta sérstakrar varúðar. Á uppdrætti þeim, er löggæzlumenn bjuggu út eftir könnun á vettvangi, eru mörkuð hemlaför eftir bifreiðina. Eru þau samkvæmt uppdrættinum a. m. k. 16 metra löng. Leggja

verður til grundvallar, að uppdrátturinn gefi til kynna hemla-för í samræmi við ummerki á slysastað. Þegar þetta er virt og sakargögn að öðru leyti, verður ekki talið, að ákærði hafi stillt hraða bifreiðar sinnar svo í hóf sem skylt var. Sannað er, að ákærði gaf eigi hljóðmerki, er hann nálgadist hjólreiðamanninn. Samkvæmt sakargögnum sveigði hjólreiðamaðurinn skyndilega og án þess að gefa viðvörunarmerki í veg fyrir bifreið ákærða. Verður slysið að verulegu leyti rakið til þeirra aksturshátta. Háttsemi ákærða varðar við þau refsíákvæði, sem greinir í héraðsdómi, þó þannig, að telja verður, að 1. málsgrein 52. gr. laga nr. 40/1968 taki til hlítar til þeirrar vanrækslu ákærða að gefa eigi hljóðmerki. Verður því eigi refsað samkvæmt 4. málsg. 47. gr. laga nr. 40/1968, eins og hér hagar til. Þykir refsing ákærða og ökuleyfissvipting réttilega ákveðin í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing verði 5 daga varðhald, ef sekt er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Rannsókn málsins er eigi jafnrækileg og skyldi, þar á meðal var eigi reynt að leiða í ljós, svo að séð verði, hvert för hjólreiðamannsins var heitið, og löggæzlumenn, sem könnuðu vettvang, komu eigi fyrir dóm, m. a. í því skyni að skýra frá athugunum sínum á vettvangi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vararefsing fjársektar verði 5 dagar, ef sekt greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Hólm Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S É r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Einars Arnalds og

Magnúsar Þ. Torfasonar.

Akreinarnar voru tvær á slysstaðnum, Hringbraut. Hinn látni hjólreiðamaður ók á hægri akrein, en ákærði á þeirri vinstri. Báðir óku vestur. Hjólreiðamaðurinn snarbeygði skyndilega og án nokkurra viðvörunarmerkja fyrir bifreið ákærða. Rannsókn málsins var ábótavant í öndverðu, sérstaklega um hemlaför, en samkvæmt gögnum þess verður ekki talið sannað, að akstur ákærða hafi verið ógætilegur. Er því ekki leitt í ljós, að ákærði eigi refsiverða sök á slysi því, sem í málinu greinir, og ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hólm Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 2. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 331/1972: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hólmi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 14. desember 1971, gegn ákærða, Sigurði Hólmi Guðmundssyni fisksala, Hjaltabakka 6, Reykjavík, fæddum 28. júní 1932 á Vopna-

nirði, „fyrir umferðarbrot, með því að aka, mánudaginn 17. maí 1971, bifreiðinni R 22048 vestur Hringbraut í Reykjavík á vinstri akrein án þess að sýna nægilega aðgæzlu og of hratt miðað við aðstæður, en ákærði hugðist aka fram úr manni á reiðhjóli, sem hjólaði eftir hægri akrein í sömu stefnu, en gaf honum engin viðvörunarmerki, og þegar maðurinn, Þórður Halldórsson, Bólstaðarhlíð 48, Reykjavík, hjólaði af hægri akrein í veg fyrir ákærða, þá tókst ákærða ekki að forðast ákeyrslu, og kastaðist maðurinn af reiðhjólinu upp á bifreiðina og þaðan í götuna. Hann slasaðist mikið og lézt 25. október 1971 án þess að hafa komizt til meðvitundar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 47. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 52. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1959 12/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1959 3/12 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 261 gr. hegningarlaga.
- 1961 19/10 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.
- 1965 7/1 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
- 1966 29/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 51. gr. umferðarlaga.
- 1969 11/8 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 17. maí 1971, klukkan 0755, barst lögreglunni vitneskja um, að umferðarslys hefði orðið litlu fyrir á Hringbraut skammt austan við veg, er liggur að Háskóla Íslands. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman maður á reiðhjóli, sem var á leið vestur Hringbraut, og bifreiðin R 22048, sem ákærði ók í sömu átt. Ákærði skýrði lögreglu svo frá slysstað, að hann hefði ekið á vinstri akrein á 50 km hraða miðað við klukkustund og séð manninn á reiðhjólinu á hægri akrein, sem ákærði taldi,

að hefði farið að færa sig yfir á vinstri akreinina án þess að líta aftur fyrir sig.

Þegar ákærði sá, hvað verða vildi, kvaðst hann hafa reynt að færa bifreið sína eins nálægt umferðareyjunni og unnt var, en það ekki dugað til og bifreiðin hafnað aftan á reiðhjólinu og ökumaður þess kastast upp á vélarlok bifreiðarinnar og síðan fallið á götuna. Sýnilegar skemmdir á bifreiðinni R 22048 voru þær, að lakk var rispað af höggvara fyrir miðju og vélarlok dældað, einnig fyrir miðju, en reiðhjólið reyndist mikið beyglað. Yfirborð vegar var malbikað, veður skýjað og regn og færi blautt. Um 20 metra löng samfelld hemlaför meðfram götueyjunni eru sýnd eftir bifreiðina á vettvangsteikningu, og er slyssaður þar markaður um 20 metra austan við gatnamót Hringbrautar og vegar, er liggur að Háskóla Íslands. Skömmu eftir slysið skoðaði Bifreiðaeftirlitið bifreiðina og reyndi í akstri. Þá er henni var ekið á 45 km hraða og snögghemlað, mældust hemlaför um 8½ metra. Rúður bifreiðarinnar voru hreinar, og hún var með vinstri hliðar stýri.

Hinn slasaði maður var fluttur í sjúkrabifreið á Borgarspítalann. Reyndist hann vera Þórður Halldórsson, Bólstaðarhlíð 48, Reykjavík, fæddur 19. apríl 1910. Lá hann meðvitundarlaus á sjúkrahúsinu, þar til hann lézt að morgni hins 25. október 1971. Bjarki Magnússon læknir krufði lík hans, og er niðurstaða álitsgerðar hans svofelld: „Við krufninguna fundust mjög útbreiddar heilaskemmdir, gamlar blæðingar og höfuðkúpabrot, sem eru afleiðingar höfuðáverkans, sem maðurinn hlaut í bílslysinu þann 17/5 1971. Hin beina dánarorsök hefur verið heilabjúgur, sem er afleiðing hinna miklu heilaskemmda, sem hlutust við bílslysið.“

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði greint sinn ekið vestur Hringbraut eftir vinstri akrein á 50 km hraða miðað við klukkustund, að því er hann gízkaði á. Hann kvaðst hafa séð til ferða hjólreiðamannsins á nokkuð löngu færi og hann þá hjólað alveg meðfram gangstéttinni hægra megin. Þá er ákærði nálgast hann, fannst honum hann sveigja aðeins út á götuna, en síðan til baka aftur án þess þó að líta í átt til ákærða. Þegar hljóreiðamaðurinn hreyfði sig þannig til, kvaðst ákærði aðeins hafa dregið úr ferðinni, en ekki gefið hljóðmerki. En skyndilega og án nokkurra viðvörunarmerkja hefði hjólreiðamaðurinn þverbeygt til vinstri og stefnt í veg fyrir bifreið ákærða og hún hafi þá aðeins átt fáeina metra eftir að honum. Ákærði kveðst hafa hemlað og reynt að aka bifreiðinni frá manninum og upp á götueyjuna, en ekki tek-

ízt að koma í veg fyrir slysið, bifreiðin rekizt á hjólreiðamanninn, hann hafnað uppi á vélarhlífinni, en síðan kastazt fram af og fallið í götuna, um leið og bifreiðin fullstöðvaðist, en reiðhjólið hrokkið upp á götueyjuna. Þegar vinstra framhjól bifreiðarinnar hefði rekizt á brún götueyjarinnar, hefði hún rykkzt til að aftan og kastið, þegar maðurinn hrökk fram af henni, því orðið mun meira en ella. Ákærði hugði, að nokkur hluti hemla-fara, er sýnd voru á vettvangsteikningu lögreglu, væru hjólför, sem myndazt hefðu, þá er hann dró fyrst úr ferð bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hafa gert ráðstafanir til að kalla lögreglu og sjúkrabifreið á slyssað og ekkert hefði verið hreyft við hinum slasaða, á meðan beðið var eftir þeim. Ákærði fullyrti, að hann hefði í alla staði verið vel fyrirkallaður, haft allan hugann við aksturinn og ekki orðið fyrir neins konar truflunum. Ákærði sagði, að blautt hefði verið á götunni, rigning og nokkur umferð.

Vitnið Borgar Þór Guðjónsson verkamaður, B-götu 9, Blesu-gróf, Reykjavík, sem sat í vinstra aftursæti bifreiðar ákærða, taldi, að ákærði hefði ekið á venjulegum innanbæjarhraða. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir hjólreiðamanninum, sem verið hafði hægra megin á akbrautinni, en ekki gefið honum sérstakan gaum. Skyndilega hefði hann án viðvörunarmerkja sveigt til vinstri og stefnt á akreinina fyrir framan bifreiðina og hann þá verið það nærri, að vitnið hugði, að bifreiðin hlyti að lenda á honum, því orðið mikið um og rekið upp óp, en í sömu andrá hefði ákærði hemlað og beygt undan til vinstri. Hjólreiðamaðurinn hefði hafnað uppi á vélarhlíf bifreiðarinnar, hrokkið fram af henni og fallið í götuna, en bifreiðin stöðvazt rétt um leið. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði gefið hljóðmerki, og gat ekki lýst færð né skyggni umrætt sinn.

Vitnið Brynja Sigurjónsdóttir nemandi, Miðtúni 42, Reykjavík, sem sat í hægra aftursæti bifreiðar ákærða, kvaðst hafa gefið umferðinni mjög lítinn gaum, en séð hjólreiðamanninn, sem skyndilega og án viðvörunarmerkja hefði hjólað í veg fyrir bifreið ákærða, sem ekið var á venjulegum innanbæjarhraða vestur syðri akrein Hringbrautar. Vitnið kvað ákærða hafa hemlað bifreiðinni, en engum togum skipt, að maðurinn skall framan á bifreiðina og féll síðan í götuna.

Vitnið Erna Hafdís Berg Kristinsdóttir, B-götu 9, Blesugróf, Reykjavík, kvað ákærða hafa ekið vestur syðri akrein Hringbrautar á ekki miklum hraða, skyggni verið slæmt og gatan blaut. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir hjólreiðamanni á nyrðri akrein-

inni, og fannst því hann hjóla heldur vinstra megin á þeirri akrein. Vitninu, sem sat í hægra framsæti bifreiðarinnar, virtist ákærði einnig veita hjólreiðamanninum athygli, því að hann hafi dregið heldur úr ferð, nokkru áður en þau komu að honum. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði gefið hljóðmerki, en hugði, að svo hefði ekki verið. Vitnið kvað hjólreiðamanninn skyndilega og án nokkurra viðvörunarmerkja hafa snarbeygt fyrir bifreið ákærða, hann hemlað, en maðurinn í sömu svipan skolið fram- an á bifreiðina.

Þá er til þess er litið, að ákærði var að aka fram hjá hjólreiðamanni á fjölfarinni götu skammt frá gatnamótum, og hann varð þess var, að hjólan mannsins var ekki hnökralaus, bar honum að sýna sérstaka og ýtrustu varkárni og gefa hljóðmerki. Ákærði kvaðst að vísu hafa dregið úr hraða, en honum bar að stilla hraðanum svo í hóf, að bifreiðin yrði stöðvuð skyndilega, en ummerki á slysstað benda til, að svo hafi ekki verið. Á hinn bóginn verður að telja, að rætur slyssins verði að verulegu leyti raktar til þess, á hvern hátt hinn hjólandi maður hagaði ferðum sínum. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru og varðar við laga- ákvæði þau, sem þar eru rakin. Þykir refsing hans eftir atvik- um hæfilega ákveðin 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vara- refsing varðhald 6 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hólm Guðmundsson, greiði 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 6 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.